

## Stofnun Sæmundar fróða um sjálfbæra þróun og þverfræðilegar rannsóknir

### Kæra samstarfsfólk og velunnarar

Um leið og við óskum ykkur gæfu og gleði í upphafi árs sendum við annál um helstu verkefni Stofnunar Sæmundar fróða á síðastliðnu ári. Á árinu 2022 unnum við að fjölmörgum verkefnum og viðburðum um sjálfbærni innan og utan háskólans. Við hlökkum til áframhaldandi samstarfs á árinu 2023.

Janúarkveðjur,

Starfsfólk og stjórn Stofnunar Sæmundar fróða

## Sjálfbærnisráðgjafi HÍ

Stofnun Sæmundar fróða vann að gerð [sjálfbærnisráðgjafi Háskóla Íslands 2021](#) en stofnuninni var falið verkefnið af sjálfbærnisráðgjafi HÍ. Skýrslan er fyrsta sinnar tegundar hjá íslenskum háskólum en aukinn þrýstingur er á háskóla á alþjóðavísu að gera grein fyrir, með mælanlegum hætti, hvernig starf skólans styður við sjálfbærni og eru úttektir af þessu meðal annars notaðar við röðun háskóla á alþjóðlegum matslistum. Í skýrslunni er horft yfir víðfeðmt starf HÍ út frá sjálfbærni og er hún mikilvægt skref fyrir HÍ að verða leiðandi á sviði sjálfbærni. Í ritstjórn skýrslunnar voru Hafdís Hanna Ægisdóttir og Lára Hrönn Hlynisdóttir við Stofnun Sæmundar fróða og Sólrún Sigurðardóttir hjá Framkvæmda- og tækisviði. Hafdís Hanna kynnti skýrsluna og niðurstöður hennar á [Háskólaþingi](#) í nóvember og sat fyrir svörum ásamt Lára Hrönn og Sólrúnu. [Lokaútgáfa](#) skýrslunnar varð aðgengileg í desember.



## BEFoRE – BEnefits From Restoration

BEFoRE er nýtt alþjóðlegt þriggja ára þverfræðilegt verkefni sem stofnunin vinnur að í samstarfi við alþjóðlegu náttúruverndarsamtökin (International Union for Conservation of Nature, IUCN) og háskólann í Sao Paulo í Brasilíu. Í verkefninu eru félagslegur og vistfræðilegur árangur endurheimtar vistkerfa á Íslandi



og í Brasilíu rannsakaðir og tengdir við loftslagsmál, líffræðilega fjölbreytni og sjálfbærni. Guðrún Guðjónsdóttir var ráðin sem doktorsnemi við verkefnið í september 2022 og eru leiðbeinendur Thamar Heijstra, prófessor í félagsfræði við HÍ; Kristín Svavarsdóttir, sérfræðingur hjá Landgræðslunni og Hafdís Hanna Ægisdóttir, forstöðumaður Stofnunar Sæmundar fróða. Fyrsti fundur (Kick-off) BEFoRE verkefnisins var í höfuðstöðvum IUCN í Sviss í lok október.

## NORDRESS - Heimildarmynd um náttúruhamfarir á Norðurlöndum

Þegar dró að lokum norræna samstarfsverkefnisins NORDRESS, um viðbrögð samfélaga við náttúruhamförum, var ákveðið að auk hefðbundinnar lokaskýrslu yrði gerð heimildarmynd um viðfangsefni verkefnisins. Kastljósinu er beint að náttúruhamförum sem hafa orðið eða eru yfirvofandi á Norðurlöndum: flóð af völdum hækkandi sjávarborðs eða úrkomu, kvikleir og jarðskrið, skriðuföll og flóðbylgjur, snjóflóð, eldgos og skógareldar. Rætt er við þolendur hamfaranna, viðbragðsaðila, yfirvöld og vísindamenn. Loks er farið yfir möguleg viðbrögð til að draga úr hættunum eða áhrifum þeirra. Haustið 2022 fóru Þóra Arnórsdóttir, Eiríkur Ingi Böðvarsson, Friðgeir Eiríksson og Guðrún Pétursdóttir í 10 daga tökuferð til Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar. Ætlunin er að ljúka tökum og eftirvinnslu myndarinnar árið 2023.



Guðrún Pétursdóttir og Þóra Arnórsdóttir

## ARCADE



ARCADE er nýtt leiðtoganámskeið tengt áskorunum á norðurljóðum sem Rannsóknasetur um norðurljóðir og Stofnun Sæmundar fróða við HÍ bjóða uppá í samstarfi við Ilisimatusarfik - Grænlandsháskóla, UiT Norges arktiske universitet í Tromsø, The Arctic Initiative við Kennedy-skólann við Harvard-háskóla og Hringborð norðurljóða (Arctic Circle). Á námskeiðinu eru framhaldsnemar þjálfaðir í að takast á við þær flóknu áskoranir sem blasa

við samfélögum og náttúru norðurljóða. Námskeiðið sem er þverfræðilegt fjallar um loftslagsbreytingar, leiðtogaæfni, sjálfbærni, öryggismál, stjórnmál og nýsköpun á Norðurljóðum. Námskeiðið var kynnt á Hringborði norðurljóða í október síðastliðnum og umsóknarfrestur til að taka þátt var til og með 21. nóvember 2022. Kynningarmyndband um ARCADE námskeiðið má nálgast [hér](#).

## Loftslagsleiðtoga

Stofnun Sæmundar fróða er einn skipuleggjenda Loftslagsleiðtoga sem fékk styrk frá Loftslagssjóði árið 2021 til að standa fyrir útivistar-, fræðslu- og leiðtoganámskeiði fyrir ungt fólk ásamt viðburðum um loftslagstengd málefni. Loftslagsleiðtoga útskrifaði sinn fyrsta nemendahóp í maí 2022 og auk útskriftarinnar hélt Loftslagsleiðtoga tvo vel sóttu viðburði á árinu. Fyrri viðburðinn var haldinn 3. mars í samstarfi við Ferðafélag Ísland þar sem fjallað var um hvernig við getum haft áhrif á loftslagsmálin með

okkar útivist og hverju þarf að huga að til að minnka kolefnisspor á fjöllum. Seinni viðburðurinn var haldinn 9. nóvember og fjallaði um ævintýra- og náttúrutengda ferðaþjónustu á tímum loftslagsvárs. Glæsilegur hópur sérfræðinga voru með örerindi og sátu í pallborði. Fundurinn var vel sóttur en um 70 manns úr ýmsum áttum tóku þátt í honum. Fundurinn var auk þess tekinn upp og má nálgast upptökuna [hér](#).



## Í liði með náttúrunni - viðburðaröð um náttúrumiðaðar lausnir og áhrif þeirra í víðu samhengi

Stofnun Sæmundar fróða skipulagði viðburðaröðina í liði með náttúrunni: Náttúrumiðaðar lausnir og áhrif þeirra í víðu samhengi í samstarfi við Norræna húsið. Náttúrumiðaðar lausnir eru meðal öflugustu lausna sem við höfum til að sporna gegn og aðlagast loftslagsbreytingum og til að vernda og



endurheimta líffræðilega fjölbreytni. Náttúrumiðaðar lausnir efla þó ekki aðeins umhverfið heldur skapa þær líka félagslegt, menningarlegt og fjárhagslegt virði.

Fyrsti viðburðurinn var í maí og fjallaði um [náttúrumiðaðar lausnir fyrir lýð, loftslag og lífríki](#). Í öðrum viðburðinum var yfirskriftin [Heilbrigð jörð - heilbriggt líf](#) þar sem heilbrigði vistkerfa voru rædd í tengslum við andlega og líkamlega heilsu manna. Þriðji viðburðinn sem haldinn var í Færeyjum í tengslum við tilnefningar til umhverfisverðlauna Norðurlandaráðs fjallaði um [náttúrumiðaðar lausnir á Norðurlöndunum](#). Að lokum var haldið málþing um [náttúrumiðaðar lausnir í þéttbýli](#) á Lýðræðishátíðinni *Fundur fólksins*.



## Málþing um víðerni 25. mars



Heils dags málþing um víðerni var haldið 25. mars. [Málþinginu](#) var ætlað að vera umræðugrundvöllur um víðerni út frá ólíkum sjónarmiðum en fyrir liggur að kortleggja þurfi víðerni Íslands í ljósi breytinga á náttúruverndarlögum. Í framhaldi þarf að taka afstöðu til þess hvort ástæða sé til að vernda sérstaklega tiltekin svæði á Íslandi sem óbyggð víðerni. Í því samhengi má t.d. nefna ítarlega endurskoðun á stjórnunar- og

verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs og hvaða gildi óbyggð víðerni eigi að hafa í rammaáætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða. Málþingið var skipulagt af Stofnun Sæmundar Fróða í samvinnu við Vatnajökulspjóðgarð. Upptöku af málþinginu má nálgast [hér](#).

## Janúarráðstefna Festu

Hafðís Hanna, forstöðumaður stofnunarinnar tók þátt í pallborðinu “Breytingar á lögum og upplýsingagjöf um sjálfbæran rekstur: Hvað þýðir það fyrir atvinnulífið?” á [Janúarráðstefnu Festu](#). Ráðstefnan fór fram í Hörpu og komu þar saman ýmsir sérfræðingar til að ræða mismunandi vinkla sjálfbærni þvert á faggreinar. Yfirlitserindi voru meðal annars frá Johan Rockström og Kate Raworth.



## Earth Sense / Skynjun Jarðar / Jord förnimmelse



Jarðvegur á sýningunni, mynd Theodore Teichman

Í ágúst tók stofnunin þátt í fjölskynjunar innsetningu Theodore Teichmans í gróðurhúsi Norræna hússins í samstarfi við fjölmarga aðila og stofnanir. Í þessu listtengda rannsóknarverkefni fengu sýningargestir tækifæri að ganga í gegnum gagnvirka innsetningu og heyra í jarðvegi. Þátttakendum bauðst að labba berfættir yfir ólíkar jarðvegsgerðir, hlusta á hljóð af mismunandi áferð og skynja í rauntíma.

## Endalaus hagvöxtur en hvað svo?

Viðburðurinn var haldinn í september af þverfræðilegu framhaldsnámi í umhverfis- og auðlindafræði og Stofnun Sæmundar fróða. Á viðburðinum ræddi Jon D. Erickson, höfundur bókarinnar „The Progress Illusion – Reclaiming Our Future from the Fairytale of Economics“ við Katrínu Oddsdóttur um undirliggjandi og alvarlega galla í hagfræðilegri nálgun í gegnum tíðina, sem hafa mótað bæði hagkerfi og samfélög okkar með skaðlegum hætti. Viðburðurinn var vel sóttur en um 100 manns mættu á staðinn.



Ljósmynd: Kristinn Ingvarsson



## Matvælaþing

Matvælaþing Matvælaráðuneytisins var haldið í nóvember var markmið þess að sameina undir einu þaki þær fjölmörgu og ólíku starfsgreinar sem koma að framleiðslu, vinnslu og dreifingu matvæla á Íslandi. Þinginu er jafnframt ætlað að verða vettvangur fyrir samræðu milli neytenda, stjórnvalda og framleiðenda um matvæli. Hafdís Hanna, forstöðumaður Stofnunar Sæmundar fróða, tók þátt í pallborðsumræðum þar sem rætt var um sjálfbærni matvælaframleiðslu.

## COP27 - hvað svo?



Opinn [hádegisfundur](#) var haldinn í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafns Íslands í byrjun desember þar sem farið var yfir niðurstöður COP27 ráðstefnunnar og spurt var m.a. hver var upplifun þátttakenda af ráðstefnunni og hvaða skilaboð leiðtogar eiga að taka með heim til Íslands. Fundurinn var á vegum UNICEF á Íslandi, Ungra umhverfissinna, Félags Sameinuðu þjóðanna, Höfða friðarseturs og Stofnunar Sæmundar fróða. Fundurinn var tekinn upp og má nálgast [hér](#).



## Umhverfispistlar á Rás 1

Hafdís Hanna Ægisdóttir hefur í nokkur ár verið með reglulega umhverfispistla í þættinum *Samfélagið* á Rás 1. Á árinu 2022 flutti hún eftirfarandi fjóra pistla; [Lífið á jörðinni](#), [náttúrumiðaðar lausnir](#), [mold og moltugerð](#) og [sjálfbærni](#).

## Samráðsvettvangur um þekkingarsköpun vegna áhrifa loftslagsbreytinga

Stofnun Sæmundar fróða á sæti í stjórn samráðsvettvangs um þekkingarsköpun vegna áhrifa loftslagsbreytinga. Samráðsvettvangurinn skal þjóna sem rými fyrir fundi, vinnustofur og fræðslu vegna rannsókna og greininga á áhrifum loftslagsbreytinga og starfar í umboði umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra. Í stjórn vettvangsins sitja fulltrúar frá Samstarfsnefnd háskólastigsins, Stofnun Sæmundar fróða, Hafrannsóknastofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands, Umhverfisstofnun, Embætti landlæknis og fulltrúi Veðurstofunnar sem sinnir formennsku.



Fulltrúar í stjórn samráðsvettvangs um þekkingarsköpun vegna loftslagsbreytinga

## Starfsfólk


Á árinu 2022 bættist í starfsmannahóp stofnunarinnar. Myrra Leifsdóttir, viðburðastjóri, var í 50% starfshlutfalli fyrri hluta árs og tók einnig að sér nokkur sérverkefni sem enn standa yfir. Lára Hrönn Hlynsdóttir var ráðin í 80% starfshlutfalli sem verkefnastjóri í september en hún starfaði frá árinu 2017 sem verkefnastjóri hjá Stofnun Stjórnsýslufræða og stjórn mála og sem starfandi forstöðumaður hjá sömu stofnun á árinu 2022. Lára Hrönn var ráðin í fullt starf frá og með 1. janúar 2023. Á haustmánuðum var Guðrún Guðjónsdóttir ráðin sem doktorsnemi til þriggja ára inn í alþjóðlega verkefnið BEFoRE sem fjallað er um hér að ofan.

---

## Facebook síða



Við minnum á facebook síðu SSf þar sem við deilum fréttum og öðrum upplýsingum, sjá hér: [Stofnun Sæmundar fróða | Facebook](#)



Með ósk  
um gæfuríkt 2023

**Stofnun Sæmundar fróða**  
um sjálfbæra þróun  
og þverfræðilegar rannsóknir